

# FÁTÆKRAÞURRKUR

## Klæðaleysi Reykvíkinga

Í lok 19. aldar voru ígangsklæði fátækra Reykvíkinga bæði skjóllítill og léleg. Árið 1883 voru klæðlítill börn í Reykjavík jafnvel lokuð inni þegar erlenda gesti bar að garði. Þeir áttu ekki að sjá larfana sem smáfólkið í bænum hafði á kroppnum. Á stríðsárunum fyrri kom fátaleysi barna í Reykjavík berlega í ljós. Guðrún Lárusdóttir bæjarfulltrúi fullyrti í árslok 1917 að mörg börn í bænum kæmust tæplega úr rúmum vegna klæðleysis. Mæður yrðu auk þess ídulega, að sögn Guðrúnar, að háttu afkvæmi sín niður í rúm þegar þær þvoðu fót þeirra. Ígangsklæði og rúmfatnaður Reykvíkinga voru löngum af skornum skammti og fjölskyldur áttu vart til skiptanna. Fátækir bæjarbúar urðu því að treysta á góðan þurrk á þvottadögum.

## Óvinur alþýðukvenna

Reykviskar alþýðukonur áttu mikið undir duttlungum veðurguðanna, ekki sist við þvotta. Efnameiri bæjarbúar höfðu þurkhjalla á lóðum sínum. Á stöku heimilum voru þurkkloft í risi eða þvottahús í kjallara þar sem hægt var að hengja til þerris. Þröngbýlið í Reykjavík leiddi til þess að flestir bæjarbúar urðu lengst af að þurrka þvotta utandyra.

Í óþurkkatíð gripu konur jafnvel til þess ráðs að þurrka bleiur og barnaföt á sjálfum sér innanklæða milli utanyfirpilsa og millipilsa.



Þvottalaugarnar á þriðja áratug 20. aldar. Bali með áfastri vindu stendur við laugina. Þvottavindur urðu fyrst almennar á fyrstu áratugum aldarinnar. (Ljósmyndari J.J. Dalman - Þjóðminjasafn)



Snúrur og gras þrýtt þvotti við þvottahús Thorvaldsensfélagsins árið 1896. (Ljósmyndari W.W. Howell - Handritadeild Landsbókasafns)

## Taurullur og þvottavindur

Allt þar til í lok 19. aldar urðu konur að vinna allan þvott í höndunum. Þá skipti vitaskuld miklu að vinna vel svo betur gengi að þurrka. Það hlaut þó að vera erfitt að vinna mikinn þvott með sárum höndum eftir heitt hveravatnið í Þvottalaugunum. Í lok 19. aldar bjuggu aðeins efnameiri heimili í Reykjavík að taurullum. Þær voru mjög þungar og ekki kom til greina að flytja þær í Laugarnar. Eftir aldamótin var farið að flytja til landsins handhægar þvottavindur sem hægt var að festa á bala. Á stríðsárunum fyrri voru konur farnar að nota þær í Þvottalaugunum.

## Snúrur, girðingar og gras

Konur kusu að fara í Þvottalaugarnar á þurviðrisdögum enda var gríðarlega erfitt að koma blautum þvotti úr Laugunum. Þegar fyrsta þvottahúsið var byggt í Laugunum árið 1833 voru settar upp snúrur fyrir utan skýlið. Þær voru jafnan við öll þau þvottahús sem reist voru á svæðinu. Þvottakonur komu sjálfar með heimatilbúnar klemmur í Laugarnar. Framan af dugðu snúrurnar ekki alltaf til þegar mannmargt var í Þvottalaugunum. Þá gripu konur til þess ráðs að hengja þvott á girðingar sem umluku svæðið. Leppar voru jafnvel hengdir á ljósker til að láta renna úr þeim. Á sumrin þegar jörð var þurr var þvottur gjarnan breiddur á gras til þerris. Þegar konur vildu fá fallegan blæ á hvítan lérefstþvott var hann bleiktur. Þá var hann fyrst þveginn en ekki skolaður. Fatnaðurinn var síðan breiddur á gras, vökvaður reglulega og snúið við. Eftir nokkra tíma, jafnvel sólahringa, var þvotturinn loks skolaður. Best þótti að bleikja á vorin áður en gróður varð mikill til að koma í veg fyrir grasbletti.

## Poor-man's drying

*The poorer families in Reykjavík usually did not have a change of clothing or bed-clothes. There was little room indoors, so the washing had to be dried outside. For this reason dry days were usually picked for washing. Mangles which could be fastened onto the tubs were first introduced in Iceland in the first decades of the 20th century. Before that, all washing had to be hand wrung. At the Springs the washing was put to dry on washing-lines or fences. In the summer it was also usual to spread the washing on the ground when the grass was dry.*

# VATN

## Vatnsskortur í Reykjavík

Í lok síðustu aldar var vatnsskortur í Reykjavík orðinn verulegt vandamál. Bæjarbúar urðu að sækja allt vatn í brunna sem iðulega þornuðu upp. Konur urðu að fara margar ferðir eftir vatni í póstana á þvottadögum. Vatnsveitan tók til starfa á haustdögum árið 1909. Hún létti verulega störf kvenna, einkum þvotta í heimahúsum. Á stríðsárunum fyrri fór aftur að bera á vatnseklum í Reykjavík, aðallega í húsum sem lágu ofan til í bænum. Næstu áratugi var viðvarandi vatnsskortur í ákveðnum hverfum höfuðstaðarins. Í húsum þar sem varla fékkst dropi úr vatnshönum nema örfáar stundir á dag var illmögulegt að sinna stórhvottum. Örlátir vatnskranar dugðu þó skammt ef eldsmatur var ekki til í kotinu. Óhreindindi víkja sjaldnast fyrir köldu vatni. Allt vatn til þvotta í heimahúsum varð því að hita. Alþýðukonur spöruðu dýrt eldsneytið í lengstu lög. Vatnsskortur í Reykjavík og hátt verð á eldsmat leiddi til þess að konur sóttu óhjákvæmilega í Þvottalaugarnar. Þar var hægt að ganga að heitu vatni visu. Laugalækurinn sá hins vegar oftast fyrir köldu vatni til að skola þvottinn úr.



Laugararnar við Reykjavík

Þvottur var skolaður í Laugalæknum. Konur kvörtuðu stöku sinnum yfir óhreindum í læknum og of litlu vatnsmagni. (Ljósmyndari ókunnur - Arbæjarsafn)

## Matargerð

Þvottakonur notuðu heita vatnið í Laugunum löngum til matargerðar. Í hvernum við þvottahús Thorvaldsensfélagsins var dálítið útskot sem notað var til matreiðslu. Þar suðu konur fisk, kartöflur og stöku sinnum kjötbita. Maturinn var vafinn í tuskur og settur ofan í laugina. Seinna var farið að nota litlar fötur við suðuna. Kaffið var ómissandi í laugaferðum. Konur helltu einfaldlega heitu vatni úr lauginni í könnuna. Kaffidrykkja jafnt kvenna og barna var mikil í Þvottalaugunum. Matargerð Reykviskra kvenna í Laugunum var óbrotin og einföld. Erlendir ferðamenn matreiddu hins vegar stöku sinnum miklar krásir með hjálp heita vatnsins.

Árið 1917 var gerð tilraun til að hverabaka brauð í Þvottalaugunum með styrk bæjarstjórnar. Brauðgerðin í Laugunum lagði fljótlega upp laupana. Þar gekk hins vegar betur að sjóða ost. Árið 1922 framleiddi Jón Á. Guðmundsson rúm tvö tonn af mysuosti í Þvottalaugunum á tæpum 16 vikum. Ostagerðarmaðurinn byggði lítið skýli undir framleiðsluna í janúarmánuði 1923. Í árslok flutti Jón hins vegar úr bænum og mysuostagerð í Þvottalaugunum lagðist niður. Heita vatnið í Laugunum var einnig nýtt til að rækta grænmeti og blóm. Árið 1924 reistu þeir Ragnar Ásgeirsson garðyrkjumaður og Carl Olsen konsúll lítið gróðurhús við Laugalækinn. Þeir fengu leyfi bæjarstjórnar til að taka vatn úr leiðslum sem lágu frá Þvottalaugunum að Sundlauginni.



Matarhlé hjá þvottakonum í Laugunum skömmu eftir aldamótin 1900. Strákarnir bíða greinilega óþreyjufullir eftir hverakaffinu. Reykvisk börn voru snemma vanin á að drekka kaffi. Mjólk var munaður sem alþýðufólk gat ekki veitt sér og sínum. (Ljósmyndari ókunnur - Arbæjarsafn)

## Heilsa og þrifnaður

Sóðaskapur og nábyli ruddi smitsjúkdómum braut í Reykjavík. Óþrifnaður hefði ugglaut orðið enn meiri ef íbúar höfuðstaðarins hefðu ekki búið að náttúrulegum suðupotti í Laugunum. Þar var hægt að sjóða og sótthreinsa óværu úr fatnaði bæjarbúa. Heita vatnið í Þvottalaugunum varð ein mikilvægasta heilsulind Reykvíkinga.

Frostaveturinn mikla fraus allt sem frosið gat í Reykjavík. Um miðjan janúar 1918 hafði ekki verið hægt að tæma kamra bæjarbúa í rúma viku. Veganefnd sat lengi á rökstólum um hvernig leysa ætti vandamálið. Loks var ákveðið að flytja salernisílátin inn að Laugalæknum og þýða þau þar á hentugum stað. Súkkulaðivagnarnir áttu aldrei þessu vant að ferðast um bæinn á daginn meðan frostið varði, flytja ílátin inn í Laugar og láta heita vatnið vinna á frosnum úrgangi Reykvíkinga.

## Water

*Because of the shortage of water in Reykjavik and the high price of fuel, women turned to the Springs, where they had access to free hot and cold water. The geothermal water from the Springs was also important for the health of the citizens of Reykjavik. Here clothes could be sterilised and freed of all unwanted parasites. Women also used the hot water for cooking, especially fish and potatoes. In the years 1922-23 a type of whey-cheese was also made at the Springs. In 1924 a small hot house was erected where flowers and vegetables were grown.*



# BURÐARKONUR

## Gönguleiðin í Þvottalaugarnar

Úr miðbæ Reykjavíkur og inn að Þvottalaugum eru rúmir 3 km. Sú leið var ekki hættalaus og gat orðið æði torsótt í svartamyrkri. Úr Lækjargötu lá leiðin upp Bankastræti. Á móts við Laugaveg 18 eða 20 beygðu þvottakonur niður í Skuggahverfi. Þær þræddu síðan strandlengjuna og reyndu að fylgja götutroðningum uppi á bakkanum fyrir ofan fjöruna. Þegar komið var að Fúlutjarnarlæk var snúið upp frá sjónum og yfir Kirkjumýri sem var blaut og keldótt. Fúlutjarnarlækur gat orðið erfiður farartálmi í votviðri. Þá breyttist lækurinn í stórfjót sem þvottakonur komust ekki yfir nema á fjöru. Göngumóðir laugagestir komu örugglega gegnvotir til fótanna í áfangastað. Íslenskar alþýðukonur áttu fæstar vatnsstígvél fyrir en á fyrstu áratugum líðandi aldar.

## Vinnukonur notaðar sem áburðarklárar

Í lok 19. aldar urðu margir til að fordæma þann sið Reykvíkinga að nota vinnukonur sem burðarklára. Þá mátti iðulega sjá heila lest af kengbognum konum rogast með laugapokaklyfjar á götum bæjarins. Þeir sem vildu afnema þennan „skrælingjasið“ bentu á að hann hneykslaði ekki aðeins erlenda gesti heldur einnig utanbæjarmenn. Gæðingar betri borgaranna voru ekki látnir erfiða til jafns við vinnukonur. Reykvískar alþýðukonur báru iðulega mun meira en hestar bæjarbúa, bæði við uppskipun og í laugaferðum.

Þvottakona flutti gríðarlegan farangur inn í Laugar. Hún bar bala, fötu, klapp, þvottabretti, sápu, sóða, kaffikönnu, bolla, matarpakka og auðvitað þvottinn. Á veturna bættust yfirhöfn og kerti eða önnur ljósfæri í farteskið. Þvottakonan bar byrðina á bakinu. Þvottabrettið var fyrst látið skáhallt ofan á balann. Þvotturinn, sem var jafnan í strigapoka, var settur ofan á brettið og brúnina á balanum. Reipi eða bandi var síðan brugðið í balaeyrun. Þvottakonan setti klyfjarnar á stein eða þúfu. Hún brá síðan böndunum fram fyrir brjóstið og batt þau saman fyrir framan sig. Þvottabrettið hvíldi þá á hnakka hennar og balinn á herðunum. Þvottakonan hélt á fótunni. Í henni var kaffikanna, sápa, nestisbiti og annað smádót. Fullfrísk kona var eflaust veglúin eftir rúmlega 3 km göngu með klyfjarnar á bakinu. Hún átti þó mun erfiðari ferð fyrir höndum. Gangan heim með blautan þvott eftir 10 til 15 tíma erfiðisvinnu í Laugunum var mikil þrekaun.



Klyfjuð kona á leið inn í Þvottalaugar. (Teikning Halldór Baldursson)

## Heimasmíðuð farartæki

Á haustdögum árið 1885 var byrjað að leggja veg inn að Þvottalaugum, Laugavegin. Fimm árum síðar var hann loks fullgerður. Eftir það fóru konur að nota heimasmíðuð farartæki til laugaferða. Þau voru af ýmsum gerðum og sum býsna frumleg. Hjólbörur og litlir fjórhjólaðir vagnar voru algengastir. Kerrur sem konum var beitt fyrir í stað hesta komu til sögunnar í aldarlok. Á veturnum þegar snjór var á jörðu komu sleðar sér vel til laugaferða. Þá drógu drengir oft sleðana fyrir mæður sínar. Þvottakonur treystu þó varlega dragfærinu. Þegar þær höfðu unnið á óhreinum fatnaði var snjórinn stundum horfinn. Þess eru dæmi að konur og börn hafi borið sleða og annan farangur heim úr Þvottalaugunum. Í úrkomutíð óðu Reykvíkingar leðjuna á Laugaveginum í ökkla. Þá gat orðið illfært heim úr Laugunum með blautan þvott á frumstæðum hjólatikum.



Þvottalaugarnar skömmu eftir aldamótin 1900. Þá var farið að beita konum í stað hesta fyrir kerrur eins og þeirri sem sést á myndinni. Tver konur eða fleiri tóku sig þá saman og ýttu henni á undan sér. (Ljósmyndari Magnús Ólafsson - Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar)

## Women's transport

The distance from the centre of Reykjavik to the Hot Springs is just over 3 kilometres. Originally, women had to walk this distance, carrying heavy wash-loads and the washing utensils. The road was difficult, crossing a fen and several small brooks which could swell to great rivers when it rained. Even into the beginning of the 20th century the more prosperous citizens of Reykjavik had their housemaids carry the loads themselves, rather than using their horses. In 1890 a cart-road was built from Reykjavik to the Springs which enabled women to carry the wash-loads in wheel-barrow or small hand-carts.




# HESTAR OG HESTÖFL

## Fyrstu áætlunarferðir í Reykjavík

Í júnibyrjun árið 1890 hófust reglubundnar ferðir í Þvottalaugarnar. Þá var kominn vagnfær vegur heim að þvottahúsi Thorvaldsensfélagsins. Þetta voru fyrstu áætlunarferðir í Reykjavík enda höfðu aldrei fyrr verið aðstæður fyrir hestvagna í vegleysunum í bænum. Vagninn var fjórhjólaður og gat tekið allt að átta menn í sæti. Einn eða tveir hestar drógu hann. Hestvagninn var ekki notaður til að flytja fólk inn í Laugar heldur þvott. Laugapokar Reykvíkinga voru sóttir heim til þeirra sem bjuggu við akfæra vegi. Hinir urðu að koma þvottinum á ákveðinn móttökustað í bænum. Þvottakonur urðu enn sem fyrr að fara fótgangandi í Laugarnar. Þar gátu þær tekið óþreyttar til hendinni ef hestaflíð létti laugapokaklyfjunum af þeim. Of fáir Reykvíkingar voru hins vegar reiðubúnir að greiða fyrir þjónustuna. Þessar fyrstu áætlunarferðir í bænum lögðust því fljótt niður.



Laugavagninn við þvottahús Thorvaldsensfélagsins skömmu fyrir aldamót. (Ljósmynd Sigfús Eymundsson - Árbæjarsafn)



Einn af fyrstu strætisvögnum í Reykjavík í upphafi fjórða áratugarins. (Ljósmyndari Magnús Ólafsson - Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar)

## Laugavagn Hins íslenska kvenfélags

Hið íslenska kvenfélag var stofnað í Reykjavík árið 1894. Á öðru starfsári ákvað það að „léttu af kvenfólki hinu þunga oki, laugaburðinum.“ Kvenfélagið hóf laugaferðir um miðjan maí árið 1895. Félagskonur hugðust þannig koma í veg fyrir að kynsystur þeirra væru notaðar sem áburðarklárar í Þvottalaugarnar. Í árslok höfðu rúmlega 600 pokar fullir af þvotti verið fluttir í Laugarnar. Réttu ári síðar neyddist Kvenfélagið til að leysa flutningafyrirtækið upp. Fjöldmörg heimili í bænum gátu ekki þungað út aurum fyrir akstri á þvotti. Húsbændur bjargálna fjölskyldna kusu auk þess, sumir hverjir, að senda vinnukonur sem fyrr með þvottinn á bakinu. Áætlunarferðir hestvagna í Þvottalaugarnar varpa ljósi á þau áhrif sem ný tækni getur haft á verkaskiptingu kynjanna. Reykvískar konur höfðu í áratugi flutt lungann af þvotti bæjarbúa á bakinu í Laugarnar. Þegar hestaflíð leysti bök kvenna af hólmi voru það karlmenn sem héldu um tauma hestvagnsins. Þeir höfðu hins vegar allt að helmingi hærra laun fyrir vinnu sína en konur fyrir stritvinnu þvottanna.

## Bærinn flytur þvott í tonnatali

Árið 1917 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur að hefja skipulagðar laugaferðir. Fjórir til fimm móttökustaðir víðsvegar um bæinn tóku á móti farangri Reykvíkinga í Þvottalaugarnar. Laugakeyrsln hófst 16. júní en mest var flutt í september og október. Í árslok 1917 var búið að flytja 72 tonn í Þvottalaugarnar. Árið 1918 voru flutt rúm 161 tonn og árið eftir tæplega 178. Reykvíkingar sendu raunar fleira en þvott með hestvagninum. Hann var hlaðinn böllum, fötum, körfum, þvottabrettum og nokkrar þvottavindur slæddust jafnvel með. Á árunum 1918-1919 var mest flutt á vormánuðum en minnst í desember. Þvottakonur þurftu eftir sem áður að fara fótgangandi inn í Laugar. Þær báru þá gjarnan með sér fötur, klapp, nesti og annað smálegt. Yfirvöld bæjarins stilltu fargjaldinu í hóf og urðu jafnan að leggja með áætlunarferðum laugavagnsins. ófáir Reykvíkingar urðu engu að síður að spara þau útlát. Alþýðukonur héldu því margar hverjar áfram að flytja þvottinn sjálfar inn í Laugar.

Árið 1920 ákvað bæjarstjórn að kaupa bifreið til að leysa laugahestana af hólmi. Bifreiðin var ekki aðeins notuð til að flytja farangur inn í Þvottalaugar. Hún var í upphafi einnig notuð til sjúkraflutninga. Stöðugt fleiri konur fóru hjólandi í Laugarnar, sumar með allt sitt hafurtask. Þvottakonum var ekki boðið upp á skipulagðar áætlunarferðir fyrr en í lok þriðja áratugarins. Sumarið 1927 hóf Bifreiðastöð Reykjavíkur reglubundnar ferðir inn í Sundlaugar. Fjórum árum síðar fóru fyrstu strætisvagnarnir að ganga í bænum. Þeir fækkuðu verulega sporum kvenna sem áttu leið í Þvottalaugarnar.

## Horse-power

*At the end of the 19th century scheduled laundry-trips started. So horses replaced women as beasts of burden. Many common women, however, found it difficult to find the money to pay for transport and continued to carry the loads themselves. In 1931 the Reykjavik Omnibus Company began operations, ensuring washer-women cheap and regular service to the Springs.*



# ÞVOTTAHÚSIÐ 1942

## Hermannabvottur

Á millistríðsárunum dró töluvert úr aðsókn í Þvottalaugarnar. Hún jókst þó aftur eftir að Ísland var hernumið í maímánuði árið 1940. Fjölmargar konur í Reykjavík tóku að sér þvotta fyrir hernámsliðið. Í árslok 1940 unnu um 200 konur í bænum við þvotta. Þá fengu þær greiddar 2 krónur fyrir þvott af einum hermanni. Tímakaup verkakvenna var 1 króna og 14 aurar í dagvinnu. Erfiði þvottanna var ekki metið til margra fiska frekar en endranær. Konur sem tóku að sér hermannaþvott sóttu töluvert í Laugarnar. Þær voru oftar en ekki með mikinn fatnað og nokkuð heimaríkar. Vinnulag þeirra þótti ekki alltaf til fyrirmyndar, frekar en hjá karlmönnum í Bretavinnunni. Sumar virðast hafa tekið upp verklag sem var alþekkt í Suður-Evrópu. Þegar þvotturinn hafði legið í bleyti fylgdu þær sjálfar á eftir ofan í balann íklæddar stígvélum. Þar tróðu þær á þvottinum um stund, skoluðu hann síðan og hengdu til þerris.



Fyrsta steinhúsið sem var byggt yfir laugagesti. Snúrnar höfðu sérstakt aðdráttarafl, einkum á þurviðrisdögum í rigningartíð. (Ljósmyndari Sigurhans Vignir - Arbæjarsafn)

## Bylting á vinnuaðstöðu

Þvottahúsið í Laugunum hafði þjónað Reykvikingum í 40 ár og var að vonum gengið úr sér. Bæjarstjórn var á einu máli um að nauðsynlegt væri að reisa nýtt hús. Þvottahúsið var opnað árið 1942 og gat í upphafi hýst 32 gesti. Fyrirrennarar þess voru timburhús. Nú fyrst var byggt steinhús yfir laugagesti. Undirstöður og gólf voru steinsteypt en veggir hlaðnir úr vikurholsteini.

Í þvottahúsinu var bjart og rúmgott herbergi sem upphaflega var ætlað til að ganga frá þurrum þvotti. Við hönnun hússins var hins vegar ekki gert ráð fyrir kaffistofu. Laugagestir fóru því fljótlega að nýta herbergið til að drekka hverakaffið og borða bitann sinn.

Í „kaffistofunni“ var þá komið fyrir nokkrum kollum og síðar baklausum bekkjum. Í húsinu voru vatnssalerni. Þau leystu útikamra sem reistir höfðu verið í fyrri stríði af hólmi. Eftir endilöngu þvottaherberginu og meðfram gluggaveggjum voru borð og bekkir. Völdugir trébalur voru hlekkjaðir við bekkina. Laugagestir stóðu á timburhlerum við þvottana. Þá var minni hætt á að þvottakonur rynnu á hálu gólfinu. Heitt og kalt vatn var leitt inn í þvottahúsið. Nú fyrst í sögu Þvottalauganna var hægt að skrúfa frá krana og láta vatnið fossa í bala og fötur. Þetta gjörbreytti öllum vinnuaðstæðum við þvottana. Ekki þurfti lengur að bera allt vatn að utan og inn í þvottahúsið.



Þvottahúsið gjörbreytti vinnuaðstæðum í Þvottalaugunum eftir að það var opnað árið 1942. (Ljósmyndari Sigurhans Vignir - Arbæjarsafn)

## Kraftajötnar taka við af þvottakonum

Þvottahúsið í Laugardalnum iðaði enn af lífi flesta daga ársins í upphafi sjötta áratugarins. Í Þvottalaugarnar komu einkum konur úr úthverfum Reykjavíkur og frá næstu nágrenna-bæjum sem ekki státtu af hitaveitu. Árið 1951 var komið upp steypiböðum í þvottahúsinu sem eingöngu voru ætluð þeim konum sem þvoðu í Laugunum. Eftir það gátu aðeins 24 unnið í húsinu í einu. Fram til þessa höfðu þvottabretti verið nær einráð í Þvottalaugunum.

Í árslok 1951 komu fyrstu þvottavélarnar í laugahúsið. Þá fóru konur að flytja þessa kostagripni með sér í Laugarnar. Margar urðu þó að láta sér nægja að nota þvottabrettið enn um sinn.

Sumarið 1976 var ákveðið að loka þvottahúsinu. Í októbermánuði fengu kraftlyftingamenn afnot af húsinu. Hundrad árum fyrr höfðu formæður þeirra borið þungar byrðar fram og til baka úr Þvottalaugunum. Þær hlutu hvorki gullpeninga fyrir afrek sín né virðingu samferðamanna.

## The Wash-House of 1942

*With the British occupation of Iceland in 1940 the popularity of the Springs increased, as many Icelandic women now took in washing for the armed forces. In 1942 a new wash-house was opened, which completely altered the working conditions at the Springs. For the first time it became possible to turn on taps of hot and cold water, which was now piped into the wash-house. This building was used for its original purpose until 1976, when it became a training place for weight-lifters.*



# BÖÐ OG SUND

## Saklaus smáskemmtun eða uppspretta lauslætis

Íslendingar voru töluvert farnir að nýta heita vatnið í Laugunum til baða á seinni hluta 18. aldar. Þetta kemur fram í Ferðabók Eggerts ólafssonar og Bjarna Pálssonar sem kom út árið 1772. Allstór og djúp baðlaug var suður af Laugarnesi að sögn þeirra félaga. Fyrir neðan hana voru auk þess tveir eða þrír aðrir staðir sem hentuðu vel til baða. Laugarnar voru vel nýttar á laugardags- og sunnudagskvöldum yfir sumartímann. Þá komust stundum færri en vildu í aðallaugina.

Uno von Troil, sem síðar varð biskup í Uppsölum, ferðaðist til Íslands árið 1772. Hann hélt því fram í bók um ferðina að íslenskir elskhugar færu gjarnan í heitt laugabað með festarmeyjum sínum. Sveinn landlæknir Pálsson tók þessi orð von Troil óstínt upp. Landlæknir fullyrkti að ekkert lauslæti væri í baðferðum í Laugarnesi. Þangað færu að vísu bæði karlar og konur sem ferðuðust jafnvel langt að til þess. Kynin færu hins vegar mjög sjaldan saman í bað nema þá hjón. Baðferðirnar væru ekki annað en saklaus smáskemmtun.



Ingibjörg Guðbrandsdóttir kennir telpum sund sumarið 1909. (Ljósmyndari Magnús Ólafsson - Árbæjarsafn)

## Sundlaugar

Vorið 1824 var farið að kenna ungum sveinum sund við Laugalækinn. Sextíu árum síðar var lækurinn dýpkaður, breikkaður og stíflaður þannig að lítill laug myndaðist. Sundfélag Reykjavíkur lét reisa sundskýli við Laugarnar árið 1886. Húsið stóð í miðri lauginni á steinstólpum. Umhverfis skýlið sem var úr timbri voru bryggjur og frá þeim lágu brýr að laugarbökkunum. Sundskýlið var aðeins rétt rúmir 20 fermetrar. Þar voru bekkir meðfram veggjum og þrír litlir fataklefar.

Sundlaug úr steini var loks fullgerð árið 1908. Heitt vatn úr Þvottalaugunum var leitt til hennar í pípum. Eftir að vatnsveitan tók til starfa í árslok 1909 var köldu vatni veitt í sundlaugina. Þá varð mun auðveldara að stjórna hitastiginu í lauginni. Þetta var eina sundlaugin í Reykjavík sem var opin almenningi allt til ársins 1937 þegar Sundhöll Reykjavíkur tók til starfa. Gömlu sundlaugarnar voru lagðar niður þegar Laugardalslaugin var fullgerð árið 1966.



Sundgestir á sólríkum sumardegri árið 1956. (Ljósmyndari Baldur Ingólfsson - Árbæjarsafn)

## Fáklæddar konur á almannafæri

Sundfatnaður var lengi vel einkum Adams- og Evuklæði. Eftir að sundskýlið var opnað árið 1886 var bannað að nota laugina nema vera í „sundbuxum“. Í skýlinu var frá upphafi hægt að leigja bæði sundfatnað og þurrkur. Ekki þótti við hæfi að konur væru fáklæddar á almannafæri fyrr en á þessari öld. Reykvíkingar fengu í fyrsta sinn að berja stúlkur í sundfatnaði augum 1. ágúst árið 1909 þegar sundskáli Grettis var vígður í Skerjafirði. Þessar hugprúðu formæður bæjarbúa voru nánast kappklæddar í samanburði við sundfatnað kynsystra þeirra í dag. Í sundlaugunum voru sérstakir karla- og kvenna-tímar framan af. Þá var ekki hætt á því að kynin römbuðu fáklædd saman. Sólbaðsskýli voru einnig kyngreind. Karlaskýlið var lengst af mun stærra. Samt vildi löngum brenna við að strákar væru að klifra upp á vegginn sem skildi að sólbaðsskýlin og horfa á Evudætur.

## Bathing and swimming

*By the second half of the 18th century Icelanders were already using the water from the Springs for bathing. In the spring of 1824 young boys received swimming lessons there for the first time. A swimming pool of stone was ready for use in 1908. Until 1937 it was the only swimming pool in Reykjavik open to the public all year round. It was closed down when the new pool in Laugardalur was opened in 1966.*





# LÝSING

## Vetrarmyrkrið

Reykviskar konur urðu lengi að treysta á sól og mána við vinnu í Þvottalaugunum. Í svartasta skammdeginu hafa þvottakonur fylgst náið með stöðu tunglsins. Þær sáu lítt til vinnu sinnar nema í tunglsljósi. Ratljós var auk þess háð skini mánans. Mýrarkeldur og lækir sem blésu upp í leysingum gátu orðið hættulegir farartálmur á leiðinni inn í Þvottalaugar, ekki síst í myrkri. Ljósmeti var lengst af fremur dýrt og nauðsynlegt að fara sparlega með það. Húsbændur stjórnuðu ljósinu. Þeir hafa sjaldnast séð ástæðu til að senda vinnukonur með ljósfæri í laugaferðir.

Gufa lék um allt nánasta umhverfi Þvottalauganna. Hún gat orðið svo þétt að varla sást handa skil. Oft var því skuggalegt við Laugarnar einkum þegar myrkrið lagðist á sveif með gufunni. Þvottakonur töldu margar hverjar að reimt væri í Laugunum. Þær höfðu fyrir satt að fólk sem látist hafði af slysum við Þvottalaugarnar vitjaði þeirra á næturnar.



Þvottakonur komu gjarnan með kerti eða lugtir að heiman í Laugarnar. Rakinn í þvottahúsum blés iðulega logan af. (Teikning Nikulás Úlfar Mátsson)



Þvottalaugar í júlímánuði árið 1924. Tveimur mánuðum síðar var í fyrsta sinn kveikt rafljós í þvottahúsum. (Ljósmyndari P. Sörá - Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar)

## Ljóskerið sem kom bæjarstjórn í uppnám

Árið 1892 réð bæjarstjórn umsjónarmann að Þvottalaugunum og veitti honum erfðafestu að Laugabóli. Jón Guðnason var ráðinn laugavörður en hann átti m.a. að hreinsa þvottahúsið. Um miðjan nóvembermánuð leitaði Jón ásjár bæjarstjórnar. Hann óskaði eftir að yfirvöld bæjarins festu kaup á lugt. Náttmyrkur vetrarmánaðanna gerði Jóni illmögulegt að ræsta laugahúsið. Erindi laugavarðar var vel tekið og ákveðið að verja þremur krónum til að kaupa ljósker. Bæjarstjórn áréttaði í sérstakri samþykkt að lugtin væri í eigu bæjarins þótt Jón notaði gripinn. Ljóskerið góða kom verulegu róti á hugi bæjarfulltrúa í ársbyrjun 1893. Jón laugavörður bar ábyrgð á lugtinni. Hann átti að tendra á henni, slökkva og halda hnossinu hreinu. Nú fór Jón fram á að fá tíu potta af steinolíu yfir veturinn til að næra ljóskerið. Þau ósköp gátu bæjarfulltrúar ekki fallist á. Þeir þrattuðu lengi um hvort veita ætí fimm eða sjö pottum af olíu á laugalugtina. Eftir miklar deilur varð loks ofan á að Jón fengi fimm potta yfir vetrarmánaðina.

## Þvottahúsin raflyst

Hið íslenska kvenfélag óskaði eftir því við bæjarstjórn í árslok 1895 að sett yrði lugt við þvottahús Thorvaldsensfélagsins. Fallist var á að koma upp ljóskeri á húsinu til reynslu. Yfirvöld óttuðust að lugtin yrði skemmdarvörgum erfið freisting. Ljóskeri var komið upp fyrir utan þvottahúsið. Á því logaði fram á nætur en þá bar laugavörðum að slökkva. Árið 1901 var aðsókn að Þvottalaugunum orðin það mikil að margir kusu að þvo á næturnar. Bæjarstjórnin ákvað þá að láta loga á laugalugtinni á næturnar þegar nauðsyn þótti til.

Í árslok 1923 voru enn aðeins tvær olíulugtir í Þvottalaugunum, báðar utanhúss. Birtugjafar innandyra voru kertaljós og aðrar álíka títur sem fólk flutti með sér að heiman. Þá var loks afráðið að raflysa Þvottalaugar. Raka- og vatnsheldar rafmagnslugtir voru settar upp bæði innandyra og utan. Myrkrið í þvottahúsum þokaði loks fyrir birtunni 24. september árið 1924. Þá var í fyrsta sinn kveikt rafljós í húsum.

## Lighting

*For a long while the lighting at the springs was that provided by the sun and the moon. At the end of the 19th century an oil lamp was put up at the Springs and until the 1930s there were only two out-door oil lamps at the Springs. In September 1924 darkness finally gave way to light when the first electric light was lit inside the wash-houses.*



# ÞVOTTAAMBOÐ


## Hnefar kvenna

Hnefar kvenna voru lengi nær allsráðandi í glímunni við óhreinindin. Þeir kváðu niður þann leiða draug sem gengur þó stöðugt aftur. Konur nudduðu þvottinn milli handanna. Þær reyndu að núa sem liðlegast svo að hann slitnaði sem minnst. Vinnulúmir laugagestir hafa þó vísast verið sárhentir á heimleið úr Þvottalaugunum. Þvottakonur gátu hvorki varið hendur sínar gegn heitu og sterku sápuvatni né isköldu skolvatni.

## Þvottaklapp

Elsta amboð sem notað hefur verið við þvotta hér á landi er klappið. Það var sennilega notað allt frá landnámi og fram á 20. öld. Á þvottaklappið voru oft skornir upphafsstafir og ártöl. Þá var minni hætta á að það lenti í röngum höndum þegar mannmargt var í Laugunum. Í Danmörku gáfu karlmenn gjarnan konum sínum klapp í brúðargjöf. Þau voru þá iðulega fagurlega útskorin.

Þvottur var lagður á sléttan stein og barinn með klappi. Ullarföt voru gjarnan klöppuð þegar þau voru skoluð. Þannig mátti ná úr þeim sápunni sem ella átti til að brenna þau. Þvottavífl var stafur eða prik og notað líkt og klappið til að berja með þvott svo að óhreinindi losnuðu betur. Vífl eða klapp kom sér einkar vel þegar hræra þurfti í þvottakösinni í Lauginni svo sjóðandi vatnið léki um hverja flík.



Barátta kvenna gegn óhreinindum varð sýnu létari þegar þvottabretti komu til sögunnar. (Teikning Halldór Baldursson)



Þvottaklapp fylgdi formæðrum Íslendinga frá landnámsöld og fram á þá 20. (Teikning Halldór Baldursson)

## Þvottabretti

Þvottabretti námu land á Íslandi fyrir rúmri öld. Þau elstu og frumstæðustu voru fjalir með þverskorum. Blikkbretti leystu þau af hólmi og loks bretti með bylgjugleri. Trégrind umlukti brettið sjálft. Hún var tvífætt. Á efri hluta grindarinnar var dálítið hólf til að geyma sápu. Þvottabrettið var lagt á ská yfir balann. Fætur þess námu við botninn fjær þeim sem þvóði. Þvottakonan hélt brettinu þétt upp að sér. Hún nuddaði hverja flík með höndunum, eina og eina í senn, upp og niður brettið. Varlega varð þó að fara með kraftana þegar þvottabretti voru notuð. Þau þóttu slíta fatnaði ótæpilega. Konum var jafnvel ráðið frá því að nota bretti, nema ef vera skyldi á gróf föt.



Laugarnar

Skömmu fyrir aldamótin 1900 voru þvottabretti til á flestum heimilum í Reykjavík. Þau voru ómissandi í farangri laugagesta allt fram á 6. áratug 20. aldar. (Ljósmyndari Ókunnur - Árbæjarsafn)

## Laundry Utensils

The battle against dirt had traditionally been waged with women's fists alone. The wash-cudgel is the oldest laundry utensil known in Iceland. It was in use from the settlement period in the 9th century down to the 20th century. Wash-boards came into use in Iceland in the last decade of the 19th century, but they were thought to damage the clothing and women were advised only to use them on coarser clothes.





# STRÍÐSÁRIN FYRRI

## Reglur um hreinlæti og umgengni í Þvottalaugunum við Reykjavík

1. gr.

Reglur þessar gilda fyrir allt það svæði, sem er afgirt kringum Þvottalaugarnar, og þar sem í reglunum er talað um Þvottalaugarnar er átt við allt þetta svæði.

2. gr.

Allir, sem nota laugarnar, eða húsin þar, og allir sem staddir eru innan girðingarinnar, eru skyldir að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns þess, sem skipaður er til að halda uppi reglu.

Umsjónarmaðurinn hefir vald til að vísa burt úr Þvottalaugunum þeim, sem fara illa með hús, önnur mannvirki, eða muni bæjarins, eða sem óhlýðnast fyrirskipunum þeim, sem hann gefur til að halda uppi reglu.

3. gr.

Í Þvottalaugunum má ekki fljúgast á, æpa, kalla, syngja hátt, eða hafa annan hávaða eða ofsalegt og móðgandi háttalag og ekki má vera þar að neinum leik. Bannað er að skjóta með byssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum, að kveikja í skoteldum eða nokkurskonar sprengiefni, og ekki má fleygja frá sér glerbrotum, bréfi, rusli, óhreinindum eða skólpi annars staðar en þar, sem til þess er ætlast. Sérstaklega má ekki fleygja eða kasta neinu slíku í lækinn eða laugarnar.

Í rennu eða ræsi má ekki fleygja öðru en skólpi.

4. gr.

Það er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t.d. með ósæmilegum orðum, eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gjöra þarfir sínar á hneykslanlegan hátt o.fl. Þarfir sínar mega menn aðeins gjöra í salernum sem til þess eru gjörð og er hverjum einum skylt að ganga þrífalega um salernin.

5. gr.

Börn yngri en 14 ára mega ekki koma í Þvottalaugarnar, nema þau séu í fylgd með fullorðnum, og mega þau alls ekki koma að laugunum sjálfum.

Ölvuðum mönnum ber umsjónarmanni að koma burt þegar í stað, og getur hann til þess krafist aðstoðar hvers fulltíða karlmanns, sem staddur er í Þvottalaugunum.

6. gr.

Öllum er skylt að gæta hreinlætis og þrífnaðar bæði í húsunum, við laugarnar og lækinn og yfirleitt á öllu svæðinu. Sömuleiðis er öllum skylt að fara vel með hús, önnur mannvirki og muni, sem ætlaðir eru til almennings afnota, og má enginn skemma þá, eða færa úr stað, ekki heldur ata eða saurga, rita, rispa, tálga, tjarga, mála eða teikna á þá.

Ekki má klifra yfir eða upp á girðingar, ljósker, snúrustólpa, skúra, eða hús og ekki stökkva eða klifra yfir laugarnar né lækinn.

Vagna, hjólbörur o.þ.h. skal geyma á þeim stað, sem umsjónarmaður tilvísar.

7. gr.

Lögreglusamþykktinni fyrir Reykjavíkurborg verður að öðru leyti beitt í Þvottalaugunum.

Borgarstjórinn í Reykjavík,



22. júní 1917.

## Rules of cleanliness and conduct at the Hot Springs

*During the First World War the Hot Springs were an extremely popular meeting place, and this called for rules of conduct to be set. These came into effect on 22 June 1917, and were signed by Knud Ziensen, Mayor of Reykjavík. They included rules banning the removal of clothing, shouting and loud singing. In addition, visitors to the springs were not allowed to climb on the fences, the lights or the washing-lines, or to jump over the hot springs.*



# DAUÐASLYS



## Þvottakona drukknar í Fúlutjarnarlæk

Í lok janúarmánaðar árið 1885 var Anna Þorsteinsdóttir, 46 ára vinnukona, send inn í Þvottalaugar. Hún var vistráðin hjá Þórði tómthúsmanni Guðmundssyni og konu hans Sigríði Hansdóttur. Hjónin áttu þrjár ungar telpur. Á heimili þeirra í Lækjargötu voru einnig tveir vinnumenn og tvær vinnukonur. Anna hefur því víssast verið með töluvert af fatnaði þegar hún lagði af stað í frostköldu veðri. Úr miðbæ Reykjavíkur og inn í Þvottalaugar eru rúmir þrír km. Þá leið bar Anna þvottinn, balann og annan farangur á bakinu.



Björg Sigurðardóttir var með barni þegar hún féll í þvottahverinn árið 1901. (Ljósmyndari ókunnur - Árbæjarsafn)

Þegar Anna kom inn í Þvottalaugar varð hún að standa úti við vinnuna. Bæjarbúar höfðu ekki hirt um að endurreisa þvottahúsið sem f auk árið 1857. Starfssystur Önnu höfðu mátt strita óvarðar fyrir veðri og vindum við þvottana í tæpa þrjá áratugi. Náttmyrkur var skolið á þegar hún lauk við þvottinn. Þá arkaði hún af stað heim með allt sitt hafurtask á bakinu. Anna hafði unnið sér til hita í Þvottalaugunum. Hún hefur sennilega ekki veitt því athygli að þíða hafði leyst frostið af hólmi. Þegar Anna kom að Fúlutjarnarlæk hugðist hún fara yfir hann á snjóbrú. Lækurinn var hins vegar búinn að éta neðan úr henni í blotanum. Snjóbrúin brast undan Önnu og hún féll í lækinn. Morguninn eftir fannst hún örend liggjandi á grúfu í Fúlutjarnarlæk. Balinn og blautur þvotturinn með öllum sínum þunga hvildu á Önnu.



Önnu Þorsteinsdóttur vinnukonu varð um megn að rísa upp undan þungum þvottinum. (Teikning Halldór Baldursson)

## Ekkert á móti því að „sjóða nokkra kvenmenn“

Í lok 19. aldar voru þvottakonur búnar að vinna sér fastan sess í Reykjavík. Stöndugar húsmæður réðu gjarnan konur til að sjá um þvotta. Soffía ólafsdóttir var nafnkennnd þvottakona í bænum, jafnan kölluð Lauga-Soffía. Um miðjan febrúarmánuð árið 1894 var hún sem oftast við vinnu sína í Þvottalaugunum. Þar gat verið erfitt að fóta sig á hálum klöppum, einkum fyrir 66 ára gamla konu eins og Soffíu sem hlaut að bera merki erfðis og þreytu. Eitt augnablik missti hún fótanna og féll við það í þvottahverinn. Þar svall um 70 gráðu heitt vatn sem varð Soffíu ólafsdóttur þvottakonu að aldurtíla. Rúmum fjórum árum síðar biðu sömu örlög Kristínar ólafsdóttur. Hún lést 25. ágúst 1898, 63 ára að aldri, eftir að hafa dottið í hverinn.

Aldamótaárið voru þessi hörmulegu slys rifjuð upp í blaðagrein sem birtist í Fjallkonunni. Þar var m.a. hvatt til þess að settar yrðu upp járngrindur við laugar til að koma í veg fyrir fleiri dauðsföll. „En verið getur“, skrifar höfundur, „að mönnum sýnist þetta óþarfi og að ekkert þyki á móti því að sjóða nokkra kvenmenn í hvernum ennþá.“

## Kona með barni fellur í þvottahverinn

Árið 1901 leituðu sálusorgarar landsmanna gjarnan til húsmóður í Austurstræti. Björg Sigurðardóttir bjó að fagkunnáttu sem hjónaði snyrtilegum prestum. Hún kundi þá list að þvo og stífa prestakraga. Eiginmaður Bjargar var Ásgrímur Eyþórsson verslunarmaður. Sonur þeirra hjóna Eyþór var á þriðja ári. Björg var farin að gildna undir belti í lok júlímánaðar árið 1901. Hún hélt engu að síður með prestakraga inn í Þvottalaugar. Björg var í þann mund að ljúka verki sínu þegar hún missti jafnvægið og steiptist í hverinn. Nærstaddar þvottakonur náðu Björgu upp. Þær bjuggu um hana í keru með þvotti og hröðuðu sér til bæjarins. Tæpum þremur sólarhringum síðar, 25. júlí árið 1901, lést Björg Sigurðardóttir aðeins 27 ára að aldri. Vonum seinna fór bæjarstjórn Reykjavíkur nú fyrst að huga að öryggi laugagesta.

## Fatal Accidents

*In the early years laundry-work at the Hot Springs was a hazardous occupation, which cost a number of women their lives. In 1885 a housemaid, aged 46, drowned on her way home from the Springs. In the period 1894-1901 three women fell into the Springs and died as a result of burns they sustained. The youngest of them, 27-year-old Björg Sigurðardóttir, was with child at the time of her accident.*



# ÞVOTTAHÚSIÐ 1901


## Aukið öryggi

Þvottahús Thorvaldsensfélagsins var orðið of lítið árið 1895. Húsið gat ekki hýst allan þann fjölda sem sótti í Þvottalaugarnar. Reykvíkingar urðu því iðulega að feta í fótspor formæðra sinna og þvo undir berum himni. Vatnsskortur í Reykjavík var farinn að setja mark á bæjarlífið um aldamótin. Stöðugt fleiri íbúar höfuðstaðarins leituðu því í Laugarnar. Þar var ekki hörgull á vatni, hvorki köldu né heitu.

Á vormánuðum árið 1901 fór bæjarstjórn loks að huga að stækkun þvottahússins. Fljótlega var þó ákveðið að verja allt að 2000 krónum til að byggja nýtt hús. Knud Zimsen verkfræðingur hvatti þá til gagngerðra endurbóta. Hann vildi breyta öllum aðstæðum í Laugunum. Þvottahverinn ætti að byrgja. Vatni bæri að veita inn í þvottahúsið. Leggja skyldi lokað skólpræsi frá húsinu og út í mýri. Zimsen lagði auk þess til að fastir balar væru í þvottahúsinu og tveir kranar við hvern. Annar með heitu vatni en hinn með köldu. Hugmyndir hans miðuðu einkum að betri þrífnaði á svæðinu og öryggi laugagesta. Þær kostuðu hins vegar tíu sinnum hærri upphæð en bæjarstjórn hafði ákveðið að leggja til verksins. Þetta var of stór bita til að sporðrenna í heilu lagi.

Bæjaryfirvöld viðurkenndu þó að nauðsynlegt væri að tryggja betur öryggi laugagesta. Sumarið 1902 voru hlaðnar upp tvær laugar við sitt þvottahúsið hvor. Tréplankar voru settir á hliðarbarma laugabakkanna og í þá fest bogagrindum sem náðu yfir laugarnar. Umhverfis þær var loks steypt steinstétt. Bogagrindurnar áttu að koma í veg fyrir að fólk félli í laugarnar. Þær bættu ekki aðeins öryggi laugagesta. Vinnuástanda breyttist til hins betra. Nú var hægt að liggja á hnjánum á tréplönkunum og halda í grindurnar.

Áður hafði fólk ýmist legið á hnjánum við þvottana eða staðið hálfbogið yfir laugunum. Á járngrindurnar mátti auk þess leggja sjóðheitan þvottinn og láta renna úr honum. Laugin við þvottahús Thorvaldsensfélagsins var einkum nýtt þegar mannmargt var í Þvottalaugunum. Franskir skútusjómenn notuðu hana einnig töluvert þegar þeir voru að þvo. Vestari laugin var mun vinsælli. Í henni var vatnið heitara og meira. Laugin stóð auk þess við yngra húsið sem þótti að vonum betra.



Þvottahúsið sem bæjarstjórn lét reisa árið 1901. (Ljósmyndari ókunnur - Árbæjarsafn)



Reykvíkingar sóttu í Þvottalaugarnar vetur, sumar, vor og haust. (Ljósmyndari Gunhild Thorsteinsson - Þjóðminjasafn)

## Bærinn reisir hús

Í árslok 1901 var nýja þvottahúsið risið við Laugarnar. Þetta var fyrsta húsið sem bæjarstjórn lét smíða á eigin kostnað í Þvottalaugunum. Í því voru þvottaborð og bekkir fram með báðum hliðum og einnig eftir endilöngu steinsteyptu gólfinu. Húsið var tæpir 80 fermetrar að stærð. Þar gátu 30 og allt upp í 50 manns unnið í einu. Laugahús Thorvaldsensfélagsins var eigi að síður nýtt áfram. Ekki veitti af báðum húsunum til að hýsa allan þann fjölda sem sótti í Laugarnar. Þvottahúsin gátu veitt milli 60 og 100 mönnum skjól. Í steinþrónum fyrir utan húsin gátu auk þess um 50 manns þvegið í einu. Þegar líflægast var í Þvottalaugunum má ætla að á annað hundrað menn hafi verið þar saman komnir. Allt frá börnum sem komu í fylgd mæðra sinna og upp í vinnulúna og aldraða Reykvíkinga. Þar mátti einnig gjarnan sjá hattþrýdda erlenda hefðarhálsa spígspora milli íslenskra alþýðukvenna.

Laugahús Thorvaldsensfélagsins fékk nýtt hlutverk á kreppuárunum. Eftir það var aðeins eitt þvottahús í Laugunum. Timburhús sem stöðugt er umlukið vatni og gufu gengur fjótt úr sér. Í lok fjórða áratugarins var þvottahúsið orðið mergfúsið og gisið. Rottur áttu því greiða leið inn og sóttu í bita þvottakvenna. Sápa var jafnvel ekki óhult fyrir gini óboðnu gestanna. Þvottahúsið var orðið mjög hrörlegt í árslok 1941. Þá hafði óveður sprengt annan gaffinn frá hliðunum. Ekki þótti svara kostnaði að gera við húsið en ákveðið að byggja nýtt í staðinn.

## The Wash-House of 1901


*The first building at the Springs which was erected at the cost of the Reykjavik local council was build in 1901. It remained operational in to the 1930's along with the wash-house built by the Thorvaldsen-society. In the summer of 1902 two laundry-pools were fenced off with cut stone, one at each wash-house. In order to prevent accidents an arched steel lattice was fastened to wooden planks placed on the banks of the pools.*



# ÞVOTTALAUGARNAR


## Fyrr

Knud Zimsen verkfræðingur, síðar borgarstjóri lagði til róttækar breytingar á öllum aðstæðum í Þvottalaugunum árið 1901. Rúmum 40 árum síðar voru þær loks allar komnar til framkvæmda. Hins vegar voru öryggisgrindur þvottahveranna settar upp strax sumarið 1902.



## Nú

Í Þvottalaugunum skjóta mannvirki nú upp kollinum hér og þar, hlaðnar laugar með bogagrindum, borholur og húsatóftir. Sýningargrind er brot úr minningu þvottahúss sem reist var á sama stað árið 1901. Laugalækurinn hefur vikið fyrir gróðri en eftir stendur vegghleðslan meðfram farvegi lækjarins. Þar sem reykvískar konur lögðu eða hengdu þvott til þerris í meira en hundrað ár eru nú línhvít blómabeð.



(Skipulag löður, Kolbrún Þóra Oddsdóttir landslagsarkitekt - Garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar. Hönnun sýningarmannvirkja, Nikulás Ólafur Mísson arkitekt - Árbæjarsafn. Söguþýning Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur. Skilagerð Merking hf.)

## The Springs now and then

Map of the Springs from 1901, by civil engineer Knud Zimsen, later mayor of Reykjavík. Map of the area today.



# ÞVOTTAHÚS 19. ALDAR

## Þvottahúsið 1833

Í lok 18. aldar var farið að nota heita vatnið í Laugunum nokkuð til þvotta. Vatn úr sjóðandi uppsprettum rann í dálitla tjörn sem bæjarbúar notuðu sem þvottapott. Skammt frá tjörninni var grasi gróinn hóll. Þar tjölduðu Reykvíkingar og aðrir sem gistu við laugina. Lengi vel var náttúrulegi suðupotturinn í Laugunum aðallega nýttur á sumrin. Á fyrstu áratugum 19. aldar fjölgaði þeim Reykvíkingum mikið sem lögðu leið sína í Laugarnar með óhreinar spjarir.

Þvottalaugarnar voru nýttar af allflestum heimilum í Reykjavík um 1830. Af þeim sökum beitti Ulstrup bæjarfógeti sér fyrir almennum samskotum meðal bæjarbúa til að smíða hús yfir laugagesti árið 1833. Í þvottahúsinu voru bekkir til að tylla böllum á, hillur meðfram veggjum fyrir þvott og fimm balar. Fyrir utan húsið var komið upp snúrústólpum. Húsið veitti þvottakonum kærkomið skjól í tæpan aldarfjórðung. Í aftakaveðri árið 1857 fauk laugahúsið illu heilli. Næstu 30 árin var ekkert skýli í Þvottalaugunum.



Þvottahús Thorvaldsensfélagsins skömmu fyrir aldamótin 1900. (Ljósmyndari Sigfús Eymundsson - Árbæjarsafn)

## Þvottahús Thorvaldsensfélagsins

Reykjavíkurbær festi kaup á Laugarnesinu árið 1885. Þá hafði Thorvaldsensfélagið, fyrsta kvenfélag sem stofnað var í bænum, starfað í tíu ár. Félagið lét reisa hús við Þvottalaugarnar á sinn kostnað árið 1888. Jakob Sveinsson snikkari smíðaði húsið, sem var tæpir 80 fermetrar. Viku eftir að húsið var opnað var hins vegar búið að brjóta nær allar rúður í því og stela snúrnum. Thorvaldsensfélagið ákvað að gefa Reykjavíkurbæ laugahúsið árið 1889. Bæjarfulltrúar voru ekki sammála um hvort taka ætti við gjöfinni. Einn þeirra hélt því fram að þvottahúsið væri eingöngu notað af kvenfólki sem enginn kærði sig um og átti þá við vinnukonur. Félagar hans í bæjarstjórn, sem vildu þiggja laugahúsið, urðu þó ofaná.

Yfirvöld bæjarins viðurkenndu þar með í verki að þeim bæri skylda til að veita íbúum Reykjavíkur þokkalega vinnuáðstöðu í Þvottalaugunum.

Árið 1893 var þvottahúsið stækkað. Í viðbyggingunni voru tvö náðhús, þau fyrstu sem reist voru í Þvottalaugunum. Framan af var timburgólf í húsinu. Það náði sjaldan eða aldrei að þorna og varð fljótlega hættulegt gestum. Á vormánuðum árið 1896 var loks steypt gólf í húsið.

Þvottahúsið fylltist oft og komust gjarnan færri að en vildu. Þar fór ágætlega um 30 konur. Þær urðu þó ídulega helmingi fleiri og varð sambúðin þá að vonum stirðari. Stundum slettist upp á vinskapið meðal gestanna í þvottahúsinu.

Konur sem höfðu lifibrauð sitt af þvottum voru fastagestir í húsinu. Þær þóttu sumar hverjar ráðríkar og yfirgangssamar. Í laugahúsinu ríkti sjaldan þögn. Þar var bæðið talað og hlegið svo dátt að undirtók í timburhúsinu.

Í þvottahúsi Thorvaldsensfélagsins var unnið við þvotta allt fram á fjórða áratug liðandi aldar. Þá var húsið hins vegar tekið undir geymslu, m.a. fyrir Hitaveituna. Kvenfélög í Reykjavík fetuðu mörg hver í fótspor Thorvaldsensfélagsins og beittu sér fyrir betri vinnuáðstöðu í Þvottalaugunum.

## Wash-houses of the 19th century

*The first wash-house was erected at the Hot Springs in 1833. It was blown away in a great storm in 1857. In 1888 the Thorvaldsen-society, the first women's club in Reykjavík, had a wash-house erected at the society's expense. The following year the society donated the house to the town of Reykjavík. This wash-house remained in operation into the 1930s.*



# ÞVOTTAAMBOD


## Balar

Balar voru nauðsynlegir þarfahlutir sem ekkert heimili gat verið án. Beykjar í Reykjavík smiðuðu og seldu bala af ýmsum stærðum og gerðum. Fátækir bæjarbúar klömbuðu gjarnan sjálfir saman einfaldari böllum. Þeir urðu sér úti um oliutunnu og söguðu hana sundur í miðjunni. Í öllum þvottahúsunum fjórum sem reist voru í Laugunum voru nokkrir stórir balar sem gestir máttu nota að vild. Þeir sem fyrstir komu í húsin að morgni gátu tryggt sér bala. Hinir voru mun fleiri sem komu með bala að heiman. Fæstir hafa þorað að treysta á að laugabalamir væru til reiðu þegar grípa þurfti til þeirra.

Konur komu stöku sinnum í Þvottalaugarnar um það leyti sem húsum var lokað. Þá lögðu þær þvottinn í bleyti, breiddu þykkt og gott stykki yfir balann og héldu að því búnu heim. Þær mættu síðan aftur í bitíð næsta morgun til glímunnar við óhreinindin. Mun léttara var að ná ópverra úr þvotti þegar heitt vatn, sápa og sódi hafði unni á honum yfir nóttina.

## Fötur

Allt fram á fimmta áratug 20. aldar voru fötur ómissandi í fangri kvenna sem sóttu í Þvottalaugarnar. Oftast var hægt að ganga að vatninu vísu í Laugunum en konur urðu að sækja hvern dropa sjálfar. Þær urðu að ná í heitt vatn í þvottahverina og bera inn í húsin. Það kostaði oft en ekki margar ferðir með skjólurnar. Þvottakonur brenndust stundum illa þegar heitt vatnið skvettist úr fötunum. Allt nánasta umhverfi þvottahúsanna var að vonum síblautt. Erfitt var að fóta sig í bleytunni sem var menguð af sápu eða á hálum klöppum með þunga vatnsskjólu í hendinni. Ekki bætti vetur konugur og fylgjur hans úr skák. Svellalög lágu um allt svæðið á veturnum.



Þvottur var þveginn og lagður í bleyti í böllum.  
(Teikning Halldór Baldursson)



Þvottakona sækir heitt vatn í laugina. Inni í þvottahúsinu bíður balinn með óhreinum þvotti. (Ljósmyndari Magnús Ólafsson - Þjóðminjasafn)

## Minni vatnsburður

Í þvottahúsunum voru gólfín jafnan fljótandi í vatni. Rennur sem áttu að taka við skólpi höfðu ekki alltaf undan. Óhroðinn rann þá niður tröppur á húsunum. Gestir sem notuðu þvottahús Thorvaldsensfélagsins urðu oft að leysa jafnvægisþraut til að komast inn í húsið. Á uppgangi þvottahússins var lengi vel ekkert handrið. Þar gat því orðið erfitt að fóta sig með skjólu fulla af heitu vatni. Öllu verri var þó stiginn á þvottahúsinu sem reist var árið 1901. Tröppurnar voru mjög brattar og handrið úr jární öðru megin. Þegar þvottakonur komu úr húsinu með heitar og dofna hendur úr balanum var ekki heiglum hent að taka um járnhandriðið í frosti. Kvennadeild Jafnaðarmannafélagsins benti bæjarstjórn á þessi augljósu vankanta á þvottahúsunum árið 1922 og leiðir til úrbóta. Yfirvöld tóku vel í tillögur félagsins. Skömmu síðar voru sett tréklædd handrið við þvottahúsin og tröppur lækkaðar. Kvenfélagið lagði auk þess til að lagt yrði rennandi vatn í húsin. Knud Zimsen hafði fyrstur manna borið þá hugmynd undir bæjaryfirvöld 20 árum fyrr. Nú var hann sjálfur borgarstjóri og hafnaði kröfunni. Vatn var loks leitt í þvottahús í Laugunum árið 1942. Þá fyrst var þreytandi vatnsburði létt af herðum þvottakvenna og hættan á brunaslysum minnkaði verulega.

## Washing-utensils

*The four wash-houses erected at the Springs had large tubs for common use, but many did not trust that one would be available and brought their own. For a long time buckets were important, as all water had to be carried from the springs into the wash-houses. This could be dangerous as well as tiring, and many sustained burns. This practice was eliminated when water was piped into the wash-houses in 1942.*



# SMÁFÓLKID



Innan fárra ára hefur hnátan með köttinn verið orðin fullgild þvottakona. (Ljósmyndari Sigfús Eymundsson - Árbæjarsafn)

## Leiksvæði barna

Laugaferðir tóku að jafnaði 10 til 15 tíma. Konur neyddust því iðulega til að taka börn með í Þvottalaugarnar. Mæður áttu stundum ekki nema tvo kosti og báða slæma. Þær urðu að trúa götunni fyrir afkvæmum sínum eða taka þau með inn í Laugar. Oftar en ekki völdu þær síðari kostinn. Þá vissu þær af ungvíðinu nálægt sér og gátu litið upp frá þvottabrettunum og haft auga með því. Ung börn sem gátu ekki fótað sig í heiminum voru bundin niður milli laugapokanna og dregin á sleðum eða vögnum. Þau eldri urðu að ganga í Laugarnar.


Margt bar fyrir lítil augu og eyru í Þvottalaugunum. Þar voru oft erlendir gestir sem stungu gjarnan bragði frá framandi löndum upp í smáfólkið. Stálpaðir krakkar fundu sér ýmis „leiktæki“ í Laugunum, sum býsna hættuleg. Girðingar, snúrastólpar, ljósker, skúrar og jafnvel öryggisgrindur þvottahveranna komu í stað klifurgrinda. Smáfætta fólkíð reyndi einnig getuna í langstökki yfir Laugalækinn.

## Bannað börnum

Smáfólkið gleymir sér gjarnan í hita leiksins. Í Þvottalaugunum leyndust margar hættur fyrir börn. Mæður hafa eflaust oft haft áhyggjur af leik afkvæma sinna í Laugunum. Þær urðu stöku sinnum alvarleg slys á yngstu bæjarbúunum. Sumarið 1917 var börnum innan við fermingu bannað að koma í Þvottalaugarnar nema í fylgd með fullorðnum. Þeim var aukinheldur bannað að leika sér á svæðinu. Þá var öllum börnum forboðið að koma nálægt þvottahverunum. Þar var iðulega mikill handangangur. Töluverð hætta var á því að heitt vatn skvettist á þá sem leið áttu hjá laugunum. Yfirvöld bæjarins treystu sér ekki til að ganga lengra og banna börnum aðgang. Þá hefðu þau í raun útilokað þær konur frá Þvottalaugunum sem ekki áttu vísa gæslu fyrir börn sín. Í júnímánuði árið 1918 féll 5 ára telpa í þvottahverinn og lést. Eftir slysið forbauð borgarstjóri börnum yngri en 14 ára að koma í Laugarnar. Það var hins vegar aldrei hægt að framfylgja banninu til hlítar. Laugaverðir aftóku að bera nokkra ábyrgð á öryggi barna á svæðinu. Þeir töldu það ekki í verkahring sínum að sinna barnagæslu enda væri börnum óheimilt að koma í Þvottalaugarnar. Mæður sem komu með börn sín urðu sjálfar að sjá um að þau færu sér ekki að voða.



Nokkrir snáðar við þvottahver í Laugunum skömmu eftir aldamótin 1900. Strákar undu sér margir vel í Þvottalaugunum. (Ljósmyndari Magnús Ólafsson - Árbæjarsafn)



Strákar drógu iðulega sleða inn í Þvottalaugar. (Ljósmyndari Ókunnur - Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar)

## Vinna barna

Karlmennt eiga margir góðar minningar frá æskudögum úr Þvottalaugunum. Strákum þótti gaman að fylgjast með mannlífínu í Laugunum. Drengir drógu oft sleða eða vagna fyrir mæður sínar. Þeir sóttu einnig heitt vatn í þvottahverinn og báru í þvottahúsið. Á sumrin gátu snáðar jafnvel unnið sér inn fáeina auru með því að geta hesta erlendra gesta sem sóttu Þvottalaugarnar heim. Skyldustörf strákanna voru ekki tímaflek. Þeir höfðu meira svigrúm til leikja en telpur. Konur virðast ekki eiga eins gleðiríkar æskuminningar úr Þvottalaugunum og karmenn. Mæður byrjuðu snemma að kenna dætrum sínum helstu handtökin við þvottana. Ungar hnátur hófu yfirleitt verknámið með því að vinda úr sokkum. Um fermingu voru stúlkur hins vegar taldar fullgildar þvottakonur.

## Children

Women usually had to bring their children with them to the Springs. The little ones found many things to occupy their time. They even climbed over the fences and jumped over the hot brook. Sometimes there were serious accidents. In the summer of 1918 a five-year-old girl fell into a spring and was killed. After that, children under the age of 14 were banned from the Springs. It was, however, difficult to carry out the ban. Children were also made to work from an early age. The boys pulled the sledges or carts for their mothers. Girls quickly learnt the washing-trade and by the age of 14 they were thought to be fully-fledged washer-women.



# STRÍÐSÁRIN FYRRI

## Bætt þjónusta í Laugunum

Á stríðsárunum fyrri var mikill skortur á kolum á Íslandi. Í árslok 1916 varð því að grípa til skömmtnar. Í maímánuði árið 1917 voru kol seld á nær 300 krónur smálestin. Dagvinnulaun verkakvanna voru þá 36 aurar á tímann. Alþýðufólk eyddi ekki dýrum eldsmat til að hita vatn í þvotta, enda var nóg af heitu vatni í Þvottalaugunum. Reykvikingar hópuðust því í Laugarnar þar sem þvottar kostuðu engin útlát. Bæjarstjórn mætti þörfum fjöldans með bættri þjónustu í Þvottalaugunum. Yfirvöld bæjarins komu á reglulegum áætlunarferðum í Laugarnar með þvott sumarið 1917. Þá voru einnig ráðnir tveir umsjónarmenn í Þvottalaugarnar. Þeir áttu að hafa eftirlit með húsum, girðingum, mannvirkjum og munum bæjarins á staðnum. Umsjónarmennirnir tóku einnig á mótí þvotti sem bæjarstjórn lét flytja í Laugarnar.



Mótaka í Laugarnesi árið 1924. Á stríðsárunum fyrri skipulagði bæjarstjórn mótöku í landi Reykjavíkur. Kol voru skömmtuð á stríðsárunum og þá kom mórinn í góðar þarfir. Flestir bæjarbúar reyndu að spara eldsmat með því að þvo í Þvottalaugunum. (Ljósmyndari P. Sora - Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar)

## Laugarferðir verkakonu



Elka Björnsdóttir verkakona í Reykjavík þvoði í Laugunum á stríðsárunum eins og flestar kynsystur hennar í bænum. (Ljósmyndari Gunhild Thorsteinsson - Arbæjarsafn)

Síðustu daga októbermánaðar árið 1916 var stillt og gott veður í Reykjavík en næturfrost. Þriðjudaginn 31. október fór Elka Björnsdóttir, 35 ára verkakona, í Þvottalaugarnar. Hún var með þvott af sér og bróður sínum ólafi. Elka fékk lánaðar litlar hjólbörur hjá nágretta sínum fyrir farangurinn í Þvottalaugarnar. Verkakonan skrifaði dagbók og segir þannig frá laugarferðinni í bók sinni:

Það var hálfhætt og óslétt að aka inneftir en því verr heim því þiðnað hafði, en börurnar ekki góðar og þvotturinn mikill og ég ónýtt; ég hélt ég mundi ekki komast heim, en fór alveg með mig, en heim komst ég þó með guðs hjálp og var lengi að taka mig. Dagana á eftir þurrkaði ég, enda var þá þurrkurinn að byrja. (Handritadeild Landsbókasafns: Lbs 2235, 8vo. Dagbók Elku Björnsdóttur frá Skálabrekku, 22. mars 1916 til 17. september 1917)

Á stríðsárunum þvoði Elka aðallega í Þvottalaugunum eins og flestar kynsystur hennar í Reykjavík. Elka leigði risherbergi að Laugavegi 60 á fyrstu árum stríðsins. Tveir yngstu bræður hennar gistu oft í risherberginu hjá systur sinni. Yfirleitt fór Elka í Laugarnar á þriggja vikna fresti þegar veður leyfði. Oftan en ekki var hún einnig með þvott af bræðrum sínum. Laugarferðir Elku tóku að jafnaði rúmar fimm stundir og allt upp í 12 tíma. Stöku sinnum þvoði hún á næturnar en oftast lagði Elka af stað í Þvottalaugarnar snemma á morgnana. Kröfur magans urðu að ganga fyrir öðrum þörfum verkakonunnar í risinu á Laugaveginum. Laun Elku hrukku vart fyrir húsaleigu og fæði. Fatnaður og skór mættu afgangi í útgjöldum hennar. Þvottadagar Elku voru í höndum veðurguðanna. Oft var erfitt að þurrka þvott í risherberginu. Ullarfatnaður gat verið rúma viku að þorna hjá Elku. Verkakona sem vart átti til skiptana á kroppinn varð að treysta á þurrk í Laugarferðum. Þungu fargi var létt af herðum Elku þegar þvottadagar voru að baki. Tímafrek stritvinna þvottanna gekk nærri þreki hennar og heilsu.

## The First World War

*During the First World War Iceland suffered from a coal shortage and high coal prices. This led to an increased use of the Springs by the citizens of Reykjavík. To meet this demand the city council improved the conditions by organizing the transportation of laundry and by hiring two caretakers at the Springs. When the war was over the use of the facilities decreased again.*






# ÞVOTTALAUGARNAR

Fyrsta skipulagið 1901

## Skipulagsuppráttur 1994

Í landi þvottalauganna skjóta mannvirki upp kolli hér og þar. Þessar menjar eru gamlar eða nýuppgerðar. Línhvít blómabeð sem tákna þvottinn er lagður var á jörðina. Þetta er menningarlandslag þar sem spor fortíðarinnar speglast í nútímanum. Eldri kynslóðir geta hér rifjað upp minningar meðan þær yngri skynja og fræðast um erfiðisvinnu kvenna til forna.



## The Springs now and then

Map of the Spring from 1901, by civil engineer Knut Zimsen, later major of Reykjavik. Map of the area today.



merking

S: 562 7044 FAX: 562 6787

© TEIKNINGUNA MÁ EIGI NOTA NEMA MEÐ SKRIFLEGU LEYFI MERKINGAR HF.

# LAUGAVEITAN



Á þriðja áratug 20. aldar var rætt um að reisa Landspítalann við Laugarnar. Horfið var frá þeirri hugmynd en sjúkráhusið naut hins vegar heita vatnsins frá Laugaveitunni. (Ljósmyndari Þorsteinn Jósefsson - Árbæjarsafn)




Laugaveitan sá Austurbæjarskólanum fyrir heitu vatni. (Ljósmyndari ókunnur - Árbæjarsafn)



Þegar Sundhöll Reykjavíkur tók til starfa árið 1937 var afrennsli Austurbæjarskóla notað til að hita laugina. (Ljósmyndari Ólafur Magnússon - Árbæjarsafn)



Laugarneskólinn naut heita vatnsins frá Laugaveitunni. (Ljósmyndari Sigurhans Vignir - Árbæjarsafn)



## Geothermal heating

Map of drill-holes at the springs.



# SÁPA OG SÓDI

## NOTIÐ AÐ EINS

Þar sem Sunlight sápan er fullkomnlega hrein og ómenguð, þá er hún sú eina sápa, sem óhætt er að þvo úr fína knipplinga og annað lín.



# SUNLIGHT SÁPU

Sunlight-sápa eða sólskinssápa eins og hún var jafnan nefnd á Íslandi var ein vinsælasta sáputegund hér á landi á fyrstu áratugum aldarinnar. Hún var notuð jöfnum höndum við fataþvott og líkamspvott.  
(Auglýsing úr Morgunblaðinu 1917)

## Sápa, sódi og þvottaefni

Fæst óhreinindi eru leysanleg í vatni og gildir þá einu hve lengi þvotturinn er núinn. Sápa og sódi voru nauðsynleg hjálparmeðul í baráttunni fyrir hreinleikanum. Vatn nær að þrengja sér betur á milli einstakra þráða vefjarefnis og losa óhreinindi með hjálp sápunnar. Áhrif sóða eða lúts eru svipuð og kalla auk þess fram eiginleika sápunnar. Lengi vel voru öll þvottaefni sápa sem mulin var niður, bætt í hana sóða og jafnvel ýmsum öðrum efnum. Stangasápa var notuð til þvotta í heitu vatni en grænsápa í volgu vatni og til hreingerninga. Á fimmta og sjötta áratug 20. aldar komu til sögunnar þvottaefni sem sameinuðu kosti sápu og sóða. Áhrif þeirra voru auk þess jafnmikil í volgu og heitu vatni.

## Munaður örfárna karlmanna

Á 19. öld varð notkun á sápu fyrst almenn á Íslandi. Framan af var hún munaður sem örfáir karlmenn veittu sér við rakstur. Öll mótuð sápa var lengi vel kölluð skeggsápa hér á landi. Í lok 19. aldar var farið að flytja nokkuð af sápu til landsins. Ef aðfluttri sápu hefði verið skipt jafnt meðal landsmanna árið 1872 hefðu komið rúm 500 grömm á hvert mannsbarn í landinu. Þau urðu að duga bæði til líkamspvotta og í allan annan þvott. Flestir reyndu því að spara sápu í lengstu lög. Húsmæðurnar báru hana jafnvel sjálfar í fatnað sem þveginn var þótt vinnukonur sæju að öðru leyti um þvottinn. Í lok 19. aldar voru hagsýnir Reykvíkingar hvattir til að sækja þvottalaugarnar. Þeir gætu bæði sparað eldmat og sápu með því að nýta heita vatnið til þvotta.

## Innlend sápa

Heimatilbúin sápa var notuð á Íslandi allt fram á miðja liðandi öld. Sápugerð var mest í sláturtíðinni og kostaði töluvert amstur ef vel átti að vera. Úrgangsfæiti og afrensluflot var sodið í allt að 12 tíma. Á meðan verið var að sjóða varð að hræra vel í flotinu og síá það nokkrum sinnum. Vítissóða var að lokum hrært saman við suðuna sem síðan var hellt í grunn ílát. Þegar sápan var storknuð og hörð voru mótuð hæfilega stór sáputykki. Sápugerð í heimahúsum gat verið hættuleg og heilsuspillandi, ef ekki var gætt ítrustu varfærni með vítissóðann.

Í marsmánuði árið 1919 tók Sápuverksmiðjan Seros til starfa í Reykjavík. Sápugerðin var til húsa við Laugalækinn, skammt frá Bjarmalandi. Mest var framleitt af grænsápu en einnig nokkuð af stangasápu, þvottadufti og sápuspæni. Á næstu árum fjölgaði innlendum sápuverksmiðjum. Íslendingar náðu fljótlega að framleiða lungann af því þvottaefni sem notað var í landinu.



Sumarið 1924 voru þvottahúsin í Laugum þakin af sápuauglýsingum.  
(Ljósmyndari P. Sørá - Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar)

## Soap and soda powder

*Soap and soda powder were necessary weapons in the battle against dirt, but it was not until the 19th century that the use of soap became common in Iceland. It was also more economical to use the hot water from the Springs for washing, and people were encouraged to do so in order to save fuel and soap. Home-made soap was used in Iceland down to the middle of the 20th century. In the 1940s and 50s Iceland finally saw the invention of washing powders which combined the qualities of soap and soda powder.*




# DÆLUSTÖÐIN


Dælustöðin var reist árið 1930. Benedikt Gröndal verkfræðingur hafði yfirumsjón með verkinu. Árið 1964 var þessi fyrsta dælustöð Hitaveitu Reykjavíkur lögð niður.




Vélasalur. (Ljósmyndari Guðmundur Ingólfsson - Árbæjarsafn)



Rafmagnstafla fyrir stöðina. (Ljósmyndari Guðmundur Ingólfsson - Árbæjarsafn)



Hraðastýribúnaður fyrir stöðina. (Ljósmyndari Guðmundur Ingólfsson - Árbæjarsafn)



Vinnuborð og verkfæri umsjónamanns dælustöðvarinnar. (Ljósmyndari Guðmundur Ingólfsson - Árbæjarsafn)

## The pumping station

*In 1930 a pumping station for the Heating Service was erected at the Springs. The pictures show the machines-room and the work-area and utensils used by the supervisor of the pumping station.*



# ERLENDIR GESTIR

## Heimsfriður í Þvottalaugunum

Þvottalaugarnar voru lengi einn vinsælasti viðkomustaður þeirra erlendu ferðamanna sem komu til Reykjavíkur. Þar mátti iðulega sjá þrúðbúnar hefðardömur, hattskrydda herra og virðulega vísindamenn spranga um meðal reykvískra alþýðukvenna. Hefðarfólkið leigði sér hesta til ferðarinnar og kom gjarnan saman í hópum. Ungir snáðar gátu þá unnið sér inn aura með því að halda í hesta ferðafólksins meðan það skoðaði mannlífið.

Á vormánuðum þegar farfuglar fóru að tínast til landsins sigldu franskar skútur í tugatali inn á höfnina í Reykjavík. Sjómennirnir lögðu iðulega leið sína inn í Þvottalaugar með saltstorkinn fatnað. Þeir báru þvottapoka úr segldúk á bakinu inn í Laugar. Biskví var jafnan með í för og auðvitað voldug skipskannan fyrir hverakaffið. Þorvaldur Guðmundsson forstjóri í Síld og fiski var barnungur þegar hann fór með móður sinni í Þvottalaugarnar á stríðsárunum fyrri. Þá var alþjóðlegur bragur á lífinu í Laugunum. Þorvaldur segir:

Fransmenn, kannski af mörgum skútum, marseruðu inn eftir með pokana á bakinu og á stórum klossum sem vöktu mikla athygli því að þeir voru óþekktir hér. Og svo komu Færeyingar með sínar fallegu húfur og þetta mættist allt inn í Þvottalaugum. ... Þarna mátti segja að talaðar væru ýmsar tungur, en allir skildu hvern annan því að þeir voru í þessu góða þjónustuskapi eins og vera ber milli þjóða. Þarna var heimsfriður eins og maður getur bara sagt. (Guðjón Friðriksson: Reykjavík bernsku minnar. Nítján Reykvíkingar segja frá. Reykjavík 1985, 197-198.)



Ingibjörg Brands átti vart orð til að lýsa hrifningu erlendra kvenna á heita vatninu í Sundlaugunum. (Ljósmyndari Magnús Ólafsson - Árbæjarsafn)



Verkaskiptingu kynjanna snúid við. Hattþrýddar hefðarkonur fylgjast með þvottum erlendra sjómanna í Laugunum. (Ljósmyndari ókunnur - Árbæjarsafn)



Erlendir sjómaðenn við þvotta í Laugunum árið 1912. Þeir karlmenn sem undu úr flikum sínum í Þvottalaugunum voru flestir erlendir. (Ljósmyndari ókunnur - Árbæjarsafn)

## Dýrðlegasti staður jarðarkringlunnar

Erlendir gestir sem komu til Reykjavíkur létu margir ekki hjá líða að fara í Sundlaugarnar. Flestir hafa þeir eflaust haft kynni af mun glæsilegri sundlaugum að öllum ytra búnaði. En erlendu laugarnar státuðu hins vegar fæstar af jafn heitu vatni og Sundlaugin í Reykjavík. Sumarið 1925 kenndi Ingibjörg Guðbrandsdóttir, sem jafnan var kölluð Imba Brands, reykvískum hnátum sund eins og hún hafði gert undangengin 17 sumur. Í skýrslu sem Imba sendi um kennsluna til bæjarstjórnar Reykjavíkur sagði hún m.a.:

Ég vil leyfa mér, að taka það fram, að þær útlendu konur sem notuðu Sundlaugarnar, voru svo ánægðar með veru sína þar innfrá, að engu tali tók. Ég man sérstaklega eftir einni sextugri noskri dömu sem oft kom inneftir og synti, að hún sagði fleirum sínum að þessi Sundlaug væri sá dýrðlegasti staður sem hún hefði hitt fyrir á lífsleiðinni, og hafði hún þó ferðast í kringum hnöttinn og dvalið víða.

Reykjavíkh 7 - 4 - 1926  
Vindangafyllst  
Ingibjörg Brands

## Foreign visitors

The Springs were for long among the most popular tourist attractions in Reykjavík, and one frequently saw elegant foreign ladies and gentlemen and distinguished scientists and scholars rubbing elbows with the washer-women and other common folk of the town. The hot water in the swimming pool was also a major attraction for foreign visitors, who were very impressed with its qualities.




# ÞVOTTAVÉLAR

## Vélvæðing heimilisstarfanna

Eftir að Reykvíkingar fengu rafmagn árið 1923 fór heimilistækjum að fjölga hjá betri borgurum í bænum. Stöndugar húsmæður í Reykjavík höfðu þó margar eignast suðupotta eftir að vatnsveitan tók til starfa árið 1909. Íslendingar kynntust hins vegar heimilistækjum fyrst að einhverju marki á stríðsárunum síðari. Á haftárunum, 1947-1951, varð innflutningur á heimilistækjum háður leyfum og gjöldum. Skatturinn á tækjunum nam þá um helmingi af kaupverði. Yfirvöld flokkuðu heimilistæki til munaðarvarnings. Vélvæðing heimilisstarfanna var ekki á forgangslista þeirra. Vinnuálag á húsmæður í Reykjavík fór vaxandi, þær áttu æ erfiðara með að fá vinnukonur til starfa. Á sama tíma voru gjöld á tækjum sem létu undir með húsmæðrum bæjarins gríðarlega há. Þær urðu því flestar sem fyrr að puða við brettin á þvottadögum.

## Þvottavélar

Þvottavélar létu miklu erfiði af konum við stritvinnu þvottanna. Vélarnar voru hins vegar frekar á tíma og býsna háværar. Þær voru gjarnan með handsnúnum vindum og tóku hvorki inn á sig vatn né hituðu það. Þá varð að hleypa af þeim vatninu að loknum þvotti. Vélarnar kölluðu því á stöðuga athygli kvenna. Á millistríðsárunum fóru efnameiri heimili í Reykjavík að státa af þvottavélum. Í upphafi sjötta áratugarins voru engu að síður fáar fjölskyldur í bænum sem áttu þessa kostgrip.



Þessi furðulega þvottavél var seld á Íslandi árið 1916 og kostaði 40 krónur. Reykviskar verkakonur höfðu þá 25 auru á tímunninn dagvinnulaun. (Auglýsing frá árinu 1916)


## Vélar í Þvottalaugarnar

Árið 1951 fóru að berast skellibjölluhljóð úr þvottahúsinu í Laugunum. Þau komu frá tveimur þvottavélum sem konur gátu tekið á leigu. Tæpum áratug síðar gátu átta vélar argað saman í þvottahúsinu. Mannsröðdin laut í lægra haldi fyrir vélnum og þvottakonur unnu verk sín þegjandi. Árið 1960 sóttu að jafnaði milli 300-500 konur í laugahúsið mánaðarlega. Sumar þeirra komu með þvottavélar sínar að heiman. Þá var vélnum, sem ekki voru neim smásmíði, ekið í Þvottalaugarnar. Konur gátu þó einnig geymt vélarnar í laugahúsinu milli þvotta.

Þvottahús og straustofur voru rekin í Reykjavík allt frá fyrsta áratug 20. aldar. Fæstir bæjarbúar gátu þó veitt sér þann munað að kaupa þjónustu þeirra. Í ársbyrjun 1952 tók fyrsta almenningsþvottahúsið með sjálfvirkum þvottavélum til starfa í bænum. Þar var hægt að leigja vélar til þvotta. Konur sem sóttu í Þvottalaugarnar fengu hins vegar bæði frítt vatn og rafmagn. Ekkert þvottahús í bænum bauð upp á betri kjör á sjötta áratugnum en laugahúsið við gömlu Þvottalaugarnar.



Fyrstu sjálfvirkur þvottavélar komu á markað á stríðsárunum síðari. Þær urðu þó ekki almennar á Íslandi fyrr en á sjöunda og áttunda áratugnum. Fyrir daga þeirra stóð suðupotturinn jafnan við hlið þvottavélarinnar. (Ljósmyndari Gunnar Rúnar ólafsson - Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar)



Eftir að vatnsveitan tók til starfa árið 1909 fóru bæjarbúar að koma sér upp sérstökum þvottahúsum á heimilum sínum. Þau voru oftast í kjöllumur húsa eða útiskúrum. Á myndinni má sjá draumþvottahúsið í lok sjötta áratugarins. (Ljósmyndari Gunnar Rúnar ólafsson - Ljósmyndasafn Reykjavíkurborgar)

## Washing-machines

The work of the washer women was made lighter with the advent of washing-machines. The earliest models were slow and noisy. In the inter-war period washing-machines became the pride and joy of some better-off families in Reykjavík. In the early 1950s there were still very few families who had washing-machines in their homes, however. In 1951 the first two washing-machines were installed at the wash-house at the Springs.



# LAUGAVEITAN

## Gullborinn

Á vormánuðum árið 1928 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur að kaupa jarðbor og byrja rannsóknir á jarðhita í bæjarlandinu. Haglaborinn sem bærinn keypti var jafnan nefndur Gullborinn. Masið á bornum er þrífótur úr stálörum, sex til sjö metra hár. Gullbornum fylgdu um 300 m af borstöngum en hann gat í raun borað helmingi dýpri holur.

Á árunum 1928-1942 var byrjað á 15 borholum í Þvottalaugunum og næsta nágrenni. Af þeim var lokið við 14 holur. Boranir hófust 26. júní árið 1928 og var að mestu lokið 19. maí 1930. Rafmagnsveita Reykjavíkur stóð að þessum jarðborunum í Laugunum. Kanna átti möguleika á því að nota gufuna til þess að framleiða rafmagn. Það höfðu Ítalir gert með góðum árangri á jarðhitasvæði hjá Larderello nálægt Toskana. Vatnið í borholunum við Þvottalaugarnar reyndist þó ekki nógu heitt til að nýta mætti gufuna til rafmagnsframleiðslu. Þá lagði Rafmagnsveita Reykjavíkur til að vatnið yrði notað til að hita hús.



Gullborinn við Þvottalaugarnar á árunum 1928-1929.  
(Ljósmyndari ókunnur - Þjóðminjasafn)



Inntak hitaveitunnar í Þvottalaugunum.  
(Ljósmyndari ókunnur - Árbæjarsafn)

Þegar fyrstu sjúklingarnir voru lagði inn á Landspítalann í árslok 1930 streymdi heitt vatn frá Laugaveitunni um sjúkrahúsið.  
(Ljósmyndari Þorsteinn Jósefsson - Árbæjarsafn)




## Laugaveitan

Hitaveita Þvottalauganna var lögð árið 1930. Vatnsæðar veitunnar voru rétt tæpir fimm km og lágu frá Reykjaveg að Snorrabraut. Það voru einkum börn og sjúklingar sem nutu Laugaveitunnar. Austurbæjar- og Laugarnesskólinn voru tengdir við veituna. Landspítalinn, sem tók til starfa í árslok 1930, naut einnig heita vatnsins úr Þvottalaugunum. Þá var loks lögð hitaveita í um 60 íbúðarhús í næsta nágrenni við Austurbæjarskólann. Þegar Sundhöll Reykjavíkur var opnuð árið 1937 var afrennsli Austurbæjarskólans notað í laugina.

Nánasta umhverfi Þvottalauganna breyttist óhjákvæmilega nokkuð með hitaveitunni. Þvottalaugin við laugahúsið sem reist var árið 1901 fékk nýtt hlutverk. Steypt var pró yfir laugina og vatnið úr henni virkjað. Við boranir í Þvottalaugunum þvarr hins vegar uppsprettan í þvottahvernum við laugahús Thorvaldsensfélagsins. Þá var gripið til þess ráðs að leggja pípu frá einni borholunni í Þvottalaugina. Konur gátu því sem fyrr gengið að sjóðandi heitu vatni visu til þvotta í Laugunum.

Níu árum eftir að Laugaveitan fór að ylja börnum og sjúklingum í austurbæ Reykjavíkur hófust framkvæmdir við hitaveituna frá Reykjum. Þá var lagt upp með reynslu og þekkingu af vinnunni við Laugarnar, sem hlaut að vera ómetanlegt veganesti. Reykvíkingar höfðu sannarlega ástæðu til að fagna tilkomu hitaveitunnar, ekki síst konur. Reykháfar bæjarbúa höfðu áður spúð kolasóti yfir vegfarendur og óhreinindin settust að vonum á fatnað fólks og heimili. Kolakyndingin kostaði konur griðarlega vinnu við þvotta og hreingerningar. Yfir höfuðstað landsins lá iðulega svartur reykjarmökkur. Hitaveitan útrýmdi kolareyknum úr Reykjavík, hreinsaði andrúmsloftið og hleypti geislum sólarinnar að bæjarbúum. Hún sparaði Reykvíkingum vissulega útlát vegna kyndingar. En hitaveitan varð auk þess mikilvægt heilbrigðismál fyrir bæjarbúa.



Börnin sem hér fagna vígslu Austurbæjarskólans nutu Laugaveitunnar. Heita vatnið úr Laugunum var nýtt til þess að verma skólann.  
(Ljósmyndari Ólafur Magnússon - Árbæjarsafn)

## Geothermal heating

*In 1928 the Reykjavik city council decided to begin looking for a source of geothermal heating within the city boundaries. A drill was acquired and 15 holes were drilled in the area around the Springs in the period 1928-42. In 1930 'The Springs Heating Service' opened. The hot water pipes stretched about five kilometres and kept warm the children in two primary schools in the eastern part of town, the patients at the National Hospital and the inhabitants of about 60 private homes.*

